

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 207/2011

2012/EES/12/25

frá 2. mars 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabrómafleiða af difenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB <sup>(1)</sup>, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með færslum 44 og 53 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eru innleiddar takmarkanir að því er varðar setningu á markað og notkun difenýleters, pentabrómafleiða og perflúoroktansúlfónata.
- 2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE <sup>(2)</sup> eru skuldbindingarnar, sem settar voru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk, lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“) og samþykktar með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB <sup>(3)</sup>, og í bókuninni frá 1998 um þrávirk, lífræn efni sem gerð var við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (hér á eftir nefnd „bókunin“) og samþykkt var með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB <sup>(4)</sup>, teknar upp í lög Sambandsins.
- 3) Í kjölfar tillagna um efni frá Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess, auk Noregs og Mexíkó, lauk nefnd um endurskoðun þrávirkra, lífrænna mengunarefna,

sem var komið á fót með Stokkhólmssamningnum, vinnu sinni vegna efnahópa sem reyndust uppfylla viðmiðanir Stokkhólmssamningsins. Á fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna 4.–8. maí 2009 var samþykkt að bæta níu efnum í viðaukana við Stokkhólmssamninginn, þ.m.t. pentabrómdifenýleter og perflúoroktansúlfónöt.

- 4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 757/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka <sup>(5)</sup> er hrint í framkvæmd ákvörðunum fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna með því að bæta efnunum, sem skráð eru í Stokkhólmssamningnum eða bókuninni eða hvoru tveggja, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Meðal þeirra efna er pentabrómdifenýleter og perflúoroktansúlfónöt. Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er komið á banni við framleiðslu og setningu efnanna, sem skráð eru í I. viðauka, á markað og reglur settar um stjórnun úrgangs sem inniheldur þessi efni. Undanþágur vegna perflúoroktansúlfónata, sem gilda samkvæmt efnareglunum (REACH) í XVII. viðauka, flytjast yfir í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 og eru skráðar þar með nokkrum breytingum sem endurspeglar ákvörðun fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna.
- 5) Þar af leiðandi eru takmarkanir vegna difenýleters, pentabrómafleiða og perflúoroktansúlfónata í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 óþarfar og fella skal brott færslur 44 og 53.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*I. gr.*

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 falla færslur 44 og 53 brott.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 15.

<sup>(1)</sup> Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35.

<sup>(5)</sup> Stjtið ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

---